

Tilnefning fer eftir stærð skóla, samkv. ákvörðun menntamálaráðuneytisins hverju sinni. Miða skal þó við að skólar skiptist á um að tilnefna.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði, öðlast þegar gildi og gilda fyrst um sinn, uns öðruvísi kynni að verða ákveðið. Reglur um tilnefningu nemenda í námsstyrkjanefnd nr. 259/1972 falla hér með úr gildi.

Menntamálaráðuneytið, 8. desember 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Þhorlacius.

9. desember 1976.

Nr. 419.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra nr. 132/1971.

1. gr.

6. gr. 1. málsgrein orðist svo:

Seljendum efna og efnasamsetninga í X, A og B hættuflokkum er skylt að færa í þar til gerða sölubók, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið leggur til, í rétttri tímaröð, alla sölu slíkra efna. Í bókinni skal tilgreina afgreiðsluröð, dagsetningu, heiti efnis eða samsetningar, fjölda pakkninga, pakkningastærð, nafn kaupanda, skirteinisnúmer, ef um er að ræða efni eða efnasamsetningu í X eða A flokki, heimilisfang og nafnnúmer. Afrit bókarinnar skal senda eiturefnanefnd við lok hvers árs til yfirlits. Sömu skyldur hvíla á lyfsölum, er leyfi hafa til sölu á efnum og efnasamsetningum í fyrrgreindum hættuflokkum (sbr. 5. málsgrein 5. greinar). Seljendur skulu enn fremur halda eftir og senda eiturefnanefnd við lok hvers árs, leyfi til innkaupa á efnum í hættuflokki A, er afhenda má einungis einu sinni (sbr. 5. málsgrein 4. greinar).

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 14. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, öðlast gildi 1. janúar 1977.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. desember 1976.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

9. desember 1976.

Nr. 420.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um búnað og rekstur lyfjabúða nr. 151/1968.

1. gr.

15. grein h-liður reglugerðarinnar orðist svo:

Eiturbók, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið leggur til skal vera í